

stað (eða land) vörunnar um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag“. Nú verður ekki séð að nafnið Rjórabússmjörliki beinist sérstaklega að kæranda, Mjólkurbúi Flóamanna, eða að hann verði fyrir nokkrum sérstökum órétti af notkun þess, og ber því að sýkna kærðu af þessum lið kærunnar.

Samkvæmt framansögðu verður hinsvegar ekki hjá því komizt, að telja kærðu hafa gerzt sek gegn l. um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl. nr. 32, 1933. **Fellur brotið** undir 4. gr., sbr. 13. gr. og þykir refsing hinna kærðu, sem ekki hafa áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu, hvers um sig, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiddist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 8 daga einföldu fangelsi. Kærðu greiði og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Miðvikudaginn 16. maí 1934.

Nr. 38/1934. **Valdstjórnin** (G. A. Sveinsson)

gegn

Ársæli Halldórssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júlí 1933: Kærður, Ársæll Halldórsson, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sæti kærður fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þótt ekki hafi verið kringumstæður til að rannsaka áfengisstyrkleik hins bruggaða vökva, verður

þó að telja nægilega upplýst í málinu, að hann hafi verið yfir lögleyfðu marki. Brot kærða heyrir undir 6. og 11. gr. laga nr. 64/1930 eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, en þar sem það er eigi sannað, að kærði hafi búið til umrætt áfengi til sölu eða veitinga fyrir borgun, ákveðst refsing hans samkvæmt 30. gr. og 32. gr. sömu laga 500 kr. sekt. í rikissjóð og komi í hennar stað 25 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins, að héraðsdómarinn hefir ekki útvegað hegningarvottorð kærða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ársæll Halldórsson, greiði 500 króna sekt í rikissjóð og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna G. A. Sveinssonar og Garðars Þorsteinssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:
Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ár-

sæli Halldórssyni, verkamanni ,til heimilis Árbæ, Holtahreppi, Rangárvallasýslu, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 19. maí 1930.

Það er löglega sannað í málinu með játningu kærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að kærður hefir seint í janúarmánuði s. l. bruggað 3 heilflöskur af sterku áfengi heima hjá sér að Árbæ, og kveðst hann hafa bruggað áfengið í heyhelli, áföstum við fjárhelli í túninu þar, úr sykri og geri, er hann lét saman við vatn og lét gerjast, og einddi hann síðan sterkt áfengi úr því, og notaði við eiminguna blikkbrúsa og bogið eirrör. Nokkrum dögum eftir að bruggi þessu var lokið eða þann 2. febrúar s. l. fór kærður af stað hingað til Vestmannaeyja, og ætlaði þá að hafa áfengi þetta — sem hann kveðst hafa ætlað aðeins til neyzlu handa sjálfum sér — með sér, en hætti þó við það, og bað unnustu sína, sem einnig er til heimilis á Árbæ, að geyma áfengið og senda sér það til Vestmannaeyja með Hjálmtyr Ingvari Sigurðssyni, vinnumanni að Árbæ, sem ætlaði að fara síðar hingað til Vestmannaeyja. Kærður fór síðan hingað til Vestmannaeyja og vann hér við netaaðgerðir yfir vetrarvertíðina og þann 25. marz s. l. kom nefndur Hjálmtyr Ingvar Sigurðsson til Vestmannaeyja og hafði hann þá umrætt áfengi meðferðis til kærðs og afhenti honum það, og var áfengi þetta þá í þrem flöskum, og voru þær í umbúðum í einum böggli, og hefir Hjálmtyr Ingvar haldið því fram, að hann hafi aðeins haft grun um, að um áfengi væri að ræða en ekki vitað um það. Mánudaginn 25. marz s. l. kom maður að nafni Páll Bárðarson frá Holti í Álftaveri til kærðs á netaverkstæði, sem kærður vann á, og spurði kærðan hvort hann ætti nokkra hressingu handa sér, og fékk kærður honum þá eina heilflösku af áfengi þessu, og er Páll hafði drukkið úr þeirri flösku fékk hann aðra flösku af áfengi hjá kærðum og þriðju flöskuna um kvöldið. Samkvæmt framburði þeirra Páls Bárðarsonar og kærðs minntist hvorugur þeirra á greiðslu fyrir áfengið, er Páll fékk hjá honum 2 fyrri flöskurnar, og krafðist kærði ekki borgunar fyrir þær, en er Páll fékk síðustu flöskuna hjá kærðum, fékk hann kærðum 5 krónur í peningum, og tók kærður við þeim peningum og kveður það hafa verið vegna þess, að Páll hafi látið peningana í lófa

hans og farið strax burtu, en krafðist ekki neinnar greiðslu fyrir áfengið að fyrra bragði, og hefir kærður eindregið haldið því fram, að hann hafi ekki ætlað sér að selja Páli áfengið, heldur aðeins að gefa honum það og upphaflega aðeins eina flösku, en Páll hafi beðið hann svo mikið um meira eftir að hann fékk fyrstu flöskuna, að hann (kærður) hafi látið tilleiðast að láta Pál fá allar flöskurnar, og hefir hann haldið fram, að hann hafi ætlað að skila peningum þessum aftur, en hefir þó kannazt við, að hafa hitt Pál daginn eftir án þess að skila honum peningunum. Páll Bárðarson drakk áfengi þetta sjálfur og gaf öðrum mönnum af því með sér, og reyndist honum það vera sterkt áfengi, og hefir hann borið það fyrir réttinum, að hann hafi um hádegið daginn eftir að hann drakk áfengið orðið mikið veikur, og áleit hann að það væri vegna nautnar áfengis þessa, en kveðst hafa drukkið sherry og batnað við það, 2 menn aðrir, sem Páll veitti af áfengi þessu, hafa borið fyrir réttinum, að þeir hafi orðið veikir daginn eftir að þeir drukku áfengið, og álitu þeir einnig að það væri vegna nautnar áfengis þessa, en þeim batnaði einnig fljótt aftur.

Kærður hefir eindregið neitað að hafa bruggað meira áfengi en umræddar 3 flöskur, og kveðst hann aðeins hafa smakkað á áfenginu, eftir að hann hafði lokið við að brugga það, en ekki drukkið frekara af því, og ekki látið öðrum en Páli Bárðarsyni neitt heimabruggað eða ólöglegt áfengi í té, en eitt vitni, Bárður Bárðarson að nafni, hefir borið það fyrir réttinum, að kærður hafi fimmtudaginn þann 25. maí s. l. boðið vitninu að útvega því „landa“, en vitnað kveðst hafa neitað því boði, en kveður kærðan ekki hafa talað um verð á áfenginu eða minnst sérstaklega á að selja honum það. Kærður hefir haldið því fram, að hann muni ekki eftir umræddu samtali við vitnið, en hefir lýst því yfir, að hann véfengi ekki framburð vitnisins, en heldur fram, að hann muni ekki hafa ætlað að selja vitninu áfengi, heldur aðeins gefa því af umræddu áfengi.

Þann 1. apríl s. l. framkvæmdi sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu leit að áfengi og bruggunaráhöldum á heimili kærðs, Árbæ í Holtahreppi, en árangurslaust, enda kveðst kærður ef til vill muni hafa eyðilaggt bruggunaráhöld þau, er hann notaði

Þar eð kærður tók við peningum frá Páli Bárðarsyni, er hann afhenti Páli eina af umræddum áfengisflöskum, og skilaði ekki peningunum aftur, þó hann hitti Pál síðar, verður rétturinn að líta svo á, að um sölu á áfenginu hafi verið að ræða, og það muni hafa verið ætlun kærðs, að selja Páli áfengi þetta að minnsta kosti að einhverju leyti, enda virðist framburður vitnisins, Bárðar Bárðarsonar, benda til þess, að kærður hafi haft í hyggju að selja áfengi þetta.

Kærður hefir því að álitu réttarins, með framangreindu framferði sínu, brotið gegn ákvæðum 6. gr. og 11. gr. áfengislaganna nr. 64, 19. maí 1930, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður gerzt brotlegur gegn nefndum lögum, hæfilega ákveðin samkv. 30. gr. og 32. gr. sömu laga, 700 króna sekt til rikissjóðs og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sæti kærður fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 daga.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 18. maí 1934.

Nr. 29/1934. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Sidney Brennan (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 17. dez. 1933: Kærði, Sidney Brennan, skipstjóri á botnvörpunum G. Y. 345 „Lacennia“ frá Grímsby, greiði sekt í Landhelgissjóð Íslands, kr. 30000,00. En fáist hún ekki greidd ber kærða að afplána hana með 15 mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpunum G. Y. 345, „Lacennia“ frá Grímsby vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Þá greiði og kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.